

MÖGULEIKAR KVENNA Í OFBELDISSAMBÖNDUM TIL ÁFRAMHALDANDI DVALAR Á ÍSLANDI EFTIR SAMBÚÐARSLIT

Claudie Ashonie Wilson, lögmaður

Lagaumhverfi

- **Lög nr. 80/2016 um útlendinga**

- 69. gr.: Um hverjir eiga rétt til fjölskyldusameiningu.
- 70. gr.: Um rétt til dvalarleyfis á grundvelli hjúskapar eða sambúðar.
 - Skilyrði að vera í hjúskap eða sambúð og *búa með maka (sama lögheimili)*.

- **XI. kafli. Sérreglur um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu.**

- **80. gr.: Um gildissviðið.**
 - Aðstandendur EES- og EFTA-borgara sem fylgja honum til landsins eða koma til hans.
 - Aðstandendur íslensks ríkisborgara sem fylgja honum eða koma til hans eftir að hann snýr aftur til Íslands og eftir að hafa sjálf dvalið í öðru EES/ EFTA ríki.

Réttur til áframhaldandi dvalar

- **9. mgr. 70. gr. útlendingalaga**

- Útlendingur sem hefur haft dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ef sérstaklega stendur á og ríkar sanngirnisástæður mæla með því fengið dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið skv. 78. gr. ef skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr. er fullnægt ásamt einu af eftirfarandi:

b. hjúskap eða sambúð hefur verið slitið vegna þess að útlendingur eða barn hans hefur sætt misnotkun eða öðru ofbeldi af hálfu maka og það hefur verið tilkynnt lögreglu eða barnaverndaryfirvöldum; eða önnur gögn benda til þess; líta ber til tengsla útlendings við landið og í undantekningartilfellum er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. 55. gr. við útgáfu dvalarleyfis samkvæmt þessum staflið ef framfærsla er ótrygg um skamma hríð.

Réttur til áframhaldandi dvalar

- **3. mgr. 86. gr.: Aðstandendur EES- eða EFTA-borgara**
 - Þrátt fyrir lögskilnað, ógildingu eða slit á sambúð heldur maki eða sambúðarmaki EES- eða EFTA-borgara sem er ekki EES- eða EFTA-borgari dvalarrétti sínum svo lengi sem hann uppfyllir skilyrði a-, b- eða c-liðar 1. mgr. 84. gr. að því tilskildu að:
 - c. viðkomandi maki, sambúðarmaki eða barn/börn hafi orðið fyrir ofbeldi eða annarri alvarlegri misnotkun í hjúskapnum eða sambúðinni,

Framkvæmd hjá Útlendingastofnun

- **Konur skrá nýtt lögheimili eða hjúskaparstöðu**
 - Þjóðskrá gerir Útlendingastofnun viðvart.
 - Bréf frá Útlendingastofnun um hugsanleg afturköllun á dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar eða sambúðar.
 - Gefið tíma til að andmæla: 15 dagar.
 - Dvalarleyfi afturkallað og konu gefið 30 daga til að yfirgefa landið eða kæra innan 15 daga frá ákvörðunartöku.
- **Konum veittur lögskilnaður**
 - Dvalarleyfi afturkölluð og þeim veittur frestur til að yfirgefa landið innan 15 til 30 daga.
 - Litið á nýja umsókn sem „fyrstu umsókn“
 - Meginreglan: Óheimilt að vera á Íslandi, sbr. 1. mgr. 51. gr. útl.
 - Undanþága: Sanngirnisástæður, sbr. 3. mgr. 51. gr. útl.

Konur eftir ríkisfangi og aðstæðum

- 1. Konur frá ríkjum innan EES í sambúð eða hjónabandi**
 - Sérreglur um EES-ríkisborgara.
- 2. Konur frá ríkjum utan EES sem hafa áður verið veitt dvl./skírteini á grundvelli hjúskapar eða sambúðar**
 - Með barn/börn
 - Barnlausar
- 3. Konur sem eru enn með umsókn til meðferðar**
 - Barnlausar
 - Með börn eða eiga von á barni

Hópur 1: Konur frá EES-ríkjum

- **Sjálfstæður réttur til dvalar – fjórfrelsi**
 - Heimavinnandi húsmæður virkja EES rétt sinn
 - Atvinnuleit
 - Nám
 - Þjónusta
 - Fjármagn

Hópur 2: Konur frá ríkjum utan EES sem hefur verið áður veitt dvl./skírteini

- **Konur í ofbeldissamböndum með eða án barna**
 - Geta haft heimild til dvalar, á grundvelli ofbeldisverndar ákvæða útl.
 - 8. mgr. 70. gr. eða c-liður 3. mgr. 86. gr.: sérreglur um aðstandenda EES-ríkisborgara.
- **Ekki ofbeldi eða ofbeldi ósannað (með börnum)**
 - Getur haft heimild til dvalar á grundvelli foreldra ákvæðis, forsjár eða umgengnisréttar.
 - b. eða d-liðir 3. mgr. 86. gr. útl.: Sambúðarmaki EES-ríkisborgara
 - Dvalarleyfi fyrir foreldra:
 - Útlendingur sem er foreldri íslensks barns er með eða deilir forsjá.
 - Útlendingur sem er foreldri íslensks barns eða barn með dvl. deilir forsjá eða hefur umgengnisrétt skv. staðfestum samningi hjá sýslumanni.

Hópur 2: Konur frá ríkjum utan EES sem hefur verið áður veitt dvl./skírteini

- **Ekki ofbeldi eða ofbeldi ósannað (án barna)**
 - 78. gr. útl.: Dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið.
 - „Tengsl sem útlendingur hefur stofnað til meðan dvöl hérlandis hefur staðið“
 - Háð heildstæðumati mati Útlendingastofnunar m.t.t.:
 - Fjölskyldutengsla, fjölskyldusamsetningar m.t.t. umönnunarsjónarmiða.
 - Félagslegra og menningarlegra tengsla við landið á grundvelli atvinnuþátttöku eða annarra sambærilega tengsla.
 - Ekki skammvinn dvöl, þ.e. meira en 2 ár.
 - Konur sem skildu að borði og sæng eða fengu lögskilnað eftir eitt og hálf ár?
 - Strangari kröfu en skv. eldri lögum um útlendinga nr. 96/2002
 - Túlkun á umönnunarsjónarmið
 - Maki EES-ríkisborgari, sbr. a-liður 3. mgr. 86. gr. útl.
 - Gift eða í sambúð í a.m.k. þrjú ár (þar af eitt ár á Íslandi).

Hópur 3: Konur sem eru enn með umsókn um dvalarleyfi til meðferðar

- **Konur sem eru makar EES-ríkisborgara**
 - Málsmeðferðartími til að fá dvalarleyfisskírteini
 - Innan 6 mánaða frá komu til landsins.
- **Konur sem eru makar Íslendinga**
 - Málsmeðferðartími – sex mánuðir eða meira.
- **Engin vernd**
 - Dvalarleyfi á grundvelli mannúðarástæðna koma ekki til skoðunar ef ekki hefur verið sótt fyrst um alþj. vernd.
 - Dvalarleyfi vegna sérstakra tengsla koma ekki til skoðunar vegna skammvinnrar dvalar (þ.e. minna en tvö ár).
- **Mannsalsákvæðin**
 - Hugsanleg fórnarlömb.
 - Fórnarlömb mansals.